



Samþykkt fyrir ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

Um verkefni ungmennaráðs

1.gr.

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 13 til 25 ára í sveitarfélaginu, í umboði sveitarstjórnar, eftir því sem nánar kemur fram í samþykkt þessari. Ungmennaráð er samráðsvettvangur ungmenna til að hafa áhrif á nær umhverfi sitt, þjónustu við börn og ungmenni og önnur málefni er þau snertir.

2. gr.

Ungmennaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi og að þjónusta sveitarfélagsins taki mið af þörfum þeirra. Með þessu móti er reynt að efla umfjöllun innan stjórnsýslu sveitarfélagsins um málefni er tengjast ungu fólki.

3. gr.

Helstu markmið og hlutverk ungmennaráðs eru:

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks í sveitarfélaginu til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- að gæta hagsmuna ungs fólks í sveitarfélaginu t.d. með umfjöllun og umsögnum um mál sem snerta aldurshópinn sérstaklega.
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn er varða málefni barna og ungs fólks.
- að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkum um málefni ungs fólks.

4. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins. Ráðið er skipað með vísan til 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

5. gr.

Ungmennaráð starfar samkvæmt fjárveitingu sem samþykkt er af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, sem það getur notað til fræðslu, útgáfu eða annars sem þörf þykir á. Ungmennaráð gerir starfsáætlun fyrir starfsárið.

6.gr.

Ungmennaráð starfar í samræmi við stefnur og samþykktir sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps:

- skólastefnu
- forvarnastefnu



- aðrar samþykktir sveitarstjórnar sem tengjast starfsemi ráðsins
- samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps

Um skipan fulltrúa og fundi

7.gr.

Ungmennaráð skal skipað fimm fulltrúum og fimm til vara á aldrinum 13 til 25 ára. Allir fulltrúar skulu hafa lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn óskar eftir því að eftirfarandi nefndir og stofnanir tilnefni árlega fulltrúa í ungmennaráðið og skal tilnefningin eiga sér stað fyrir 1. október ár hvert.

- Nemendaráð grunnskólans skal tilnefna 3 fulltrúa og 3 til vara á aldrinum 13 – 16 ára.
- Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd tilnefnir 2 fulltrúa og 2 til vara á aldrinum 16 – 25 ára.

Starfstími ungmennaráðs skal vera tvö ár í senn, frá 10. október fyrsta starfsárs til 30. september annars starfsárs. Til að tryggja samfellu í starfi skal skipan ráðsins endurnýjuð að hluta á tveggja ára fresti þannig að um helmingur fulltrúa sitji áfram á milli tímabila..

8.gr.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs ráðið sér formann og varaformann. Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

9. gr.

Ungmennaráð heldur a.m.k. þrjá fundi á hverju starfsári. Auk þess fundar ungmennaráðið í mars, ár hvert, með sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps. Dagskrá fundarins skal undirbúin í samráði við sveitarstjóra.

10. gr.

Heilsu- og tómstundafulltrúi sveitarfélagsins er starfsmaður ráðsins. Hann situr að jafnaði fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til að ræða tiltekin mál. Einnig skal ungmennaráð taka vel í ef ósk kemur frá öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins um að fá að sitja fundi þegar fjallað er um verkefni sem tengjast verksviði þeirra.

Um yfirstjórn ungmennaráðs

11. gr.

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á. Starfsmenn bera ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu ráðsins, framkvæmd ákvarðana þess, eftirfylgni við ályktanir og fjármálum.

Um fundarsköp ungmennaráðs

12. gr.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Grímsnes- og Grafningshrepps og fundarsköp sveitarstjórnar. Ráðið fellur undir sömu reglur og nefndir hjá Grímsnes- og Grafningshreppi.



13. gr.

Þóknun er greidd fyrir hvern fund samkvæmt samþykktum um fundarþóknun nefnda sveitarfélagsins.

14. gr.

Um ritun fundargerða ungmennaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins.

15. gr.

Um hæfi fulltrúa ungmennaráðs gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps. Um hæfi starfsmanns ráðsins gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Gildi samþykktarinnar

16. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu sveitarstjórnar.

Grímsnes- og Grafningshreppur, 21. janúar 2026

*Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps*